



Lögmenn:
Valborg Kjartansdóttir
Magnús Haukur Magnússon
Magnús Hrafn Magnússon

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörumerki, nr. 45/1997, með síðari breytingum (EES-reglur). Þingskjal 1084 — 640. mál. 150. löggjafarþing

Kynning

Erindið er unnið af lögmönnunum Valborgu Kjartansdóttur, Magnúsi Hauki Magnússyni og Magnúsi Hrafn Magnússyni. Vísað er til erindis dags. 21. mars 2020 frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um ofanefnt frumvarp.

Sigurjónsson & Thor var stofnað árið 1970 og á rætur að rekja til lögmannsstofu Sigurgeirs Sigurjónssonar, hrl. Hann vann lengi við auðkennarétt og sem lögmaður frá 1942. Hann sat í nefnd sem var falið að semja ný vörumerkjalög sem tóku gildi árið 1968. Valborg Kjartansdóttir hóf störf hjá Sigurgeiri Sigurjónssyni árið 1985. Hún tók við rekstrinum árið 1989. Starfsmenn fyrirtækisins hafa áratugalanga reynslu af því að tryggja hugverkarétt fyrirtækja hér á landi og erlendis.

Valborg hefur starfað á sviði hugverka- og vörumerkjaréttar frá árinu 1985. Hún sat í stjórn Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE) frá 1989 til 2007, þar af sem formaður frá 2002 til 2007. Hún hefur veitt umsagnir vegna breytinga á vörumerkja- og einkaleyfalögum og reglugerðum í áratugi, kennt vörumerkjarétt við lagadeild Háskóla Íslands og er aðili að alþjóðlegum samtökum á sviði hugverkaréttar, sjá nánar <http://www.sigthor.is/islenska/starfsfolk/valborg-kjartansdottir/>

Magnús Haukur hefur starfað sem lögmaður frá árinu 1985 og fengist við auðkennarétt frá árinu 1997. Hann situr í stjórn Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE), sjá nánar <http://www.sigthor.is/islenska/starfsfolk/magnus-haukur-magnusson/>

Magnús Hrafn hefur starfað við hugverka- og vörumerkjarétt um árabíl. Hann hefur kennt vörumerkjarétt við Háskóla Íslands og er aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík, sjá nánar <http://www.sigthor.is/islenska/starfsfolk/magnus-h-magnusson/>

Almenn umfjöllun um frumvarpið

Árið 1968 voru lögtekin vörumerkjalög á grunni samvinnu hinna Norðurlandanna. Mikilvæg heimild um þá samvinnu er ritið *Betænkning vedrørende en ny dansk lov om varemaerker* sem gefið var út í Kaupmannahöfn árið 1958. Bókin var lengi ófánleg en er nú aðgengileg á Netinu, sbr.

<https://www.elov.dk/media/betaenkninger/Betaenkning vedroerende en ny dansk lov om varemaerker.pdf>



Til undirbúnings setningu vörumerkjalaganna var skipuð nefnd þann 20. maí 1958 og í henni sátu Sigurgeir Sigurjónsson, hrl., Páll Pálmason ráðuneytisstjóri og Theódór B. Líndal prófessor. Nefndin lauk störfum í október 1966 og varð frumvarpið að lögum nr. 47/1968. Um var að ræða samvinnu manna frá framkvæmdarvaldinu, úr stétt lögmannna og frá Háskóla Íslands.

Þann 2. júní 1995 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp til að endurskoða lögin. Markmiðið var að taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og aðlaga lögin að réttarþróun sem hafði orðið á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum. Lög nr. 45/1997 tóku gildi eftir þá endurskoðun.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar felur í sér verulegar breytingar á núgildandi lögum. Hvorki var skipaður starfshópur né samráðsnefnd. Undirbúningur hefur tekið skamman tíma og í greinargerð kemur fram að það sé samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Frumvarpsdrög (uppkast án greinargerðar) var sent til hagaðila þann 12. nóvember 2019. Samráðsfundur var haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þann 20. nóvember 2019 þar sem athugasemdum var komið munnlega á framfæri. Tækifæri var veitt til þess að leggja fram skriflegar athugasemdir til 6. desember 2019. Þá vöktum við m.a. athygli á því að skýringar við einstakar greinar frumvarpsins lágu ekki fyrir og því miðuðust athugasemdir okkar við það. Þann 7. febrúar 2020 var frumvarp birt í samráðsgátt stjórnvalda með nánari skýringum (greinargerð) og veittur frestur til að bregðast við til 21. febrúar 2020. Undirrituð gerðu þá athugasemdir við ýmis atriði. Tekið hefur verið tillit til hluta þeirra. Vísað er í erindi okkar í samráðsgátt, sjá [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2616&uid=0baaf7fe-c154-ea11-945b-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2616&uid=0baaf7fe-c154-ea11-945b-005056850474)

Vinna við frumvarpið hefur verið í höndum framkvæmdarvaldsins þ.m.t. starfsmanna Hugverkastofunnar sem sér um framkvæmd og túlkun laganna varðandi skráningar á vörumerkjum og fleira. Á samráðsfundum fagaðila og Hugverkastofunnar (þá Einkaleyfastofunnar) á árinu 2018 og fyrri hluta árs 2019 var upplýst um fyrirhugaða endurskoðun laganna og að yfirlögfræðingi stofnunarinnar hefði verið falið að semja drög að frumvarpinu. Fagaðilar gerðu athugasemd við þá tilhögun að þeim sem vinna við að túlka og framkvæma lögin væri einum falið að gera breytingar á þeim. Í erindi Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE) dags. 21. maí 2019 til stjórnvalda segir m.a.:

Stjórn FUVE telur annmarka á því að sérhæfð ríkisstofnun sem sér um framkvæmd laga um skráningu hugverkaréttinda taki jafnframt leiðandi þátt í samningu frumvarpa (þ.m.t. greinargerða með frumvörpum, sem öllu jöfnu taka ekki breytingum í meðförum Alþingis en eru hluti lögskýringargagna) og sé úrskurðaraðili í meðferð umsókna, andmæla endurveitingarbeiðni o.þ.h. í þessum málum skapar málsmeðferð stofnunarinnar, í krafti sérhæfingar og hlutfallslegar stærðar stofnunarinnar innan þessa afmarkaða sviðs, óhjákvæmilega mótandi fordæmi. M.ö.o. þá telur stjórn FUVE það varasamt að sama stofnunin leiki lykilhlutverk í samningu laga, framkvæmd laganna og hafi svo með höndum úrskurðarvald.

Stjórn FUVE lagði einnig til að skipuð yrði nefnd til að endurskoða lögin og enn fremur að í þeirri nefnd sætu félagsmenn/-maður FUVE.

Ekkert svar barst frá ráðuneytinu við erindi þessu.



Frumvinna hefur skv. ofangreindu alfarið verið hjá framkvæmdarvaldinu og stuttir frestir verið veittir til að gera athugasemdir.

Mikilvægt er að vanda efni lagabreytinga á þessu réttarsviði. Ef fullnægja á þeim tilgangi sem frumvarpinu er ætlað að ná þ.e. að innleiða vörumerkjatilskipun nr. 2015/2436 sem samþykkt var á vegum Evrópusambandsins 16. desember 2015 er óæskilegt að hraða vinnu við það.

Í frumvarpinu nefnist liður 5 samráð. Hér að neðan eru gerðar athugasemdir, sem ekki eru tæmandi, við umfjöllun undir þessum lið frumvarpsins og í því sambandi eru nefnd nokkur atriði.

Í athugasemdum í samráðsgátt bentum við á efnisatriði sem þurfti að færa til betri vegar, sbr. t.d. orðalag 28. gr. b 1. tl. þ.e. að samræma þyrfti orðalag innan frumvarpsins varðandi skilgreiningu á upphafi tímamarks notkunar. Ákvæðinu hefur nú verið breytt, sbr. nýja 28. gr. c.

Annað dæmi sem tæpast flokkast sem „misritun“ sbr. orðalag greinargerðar undir lið 5 varðaði fyrirhugaða breytingu á 4. mgr. 28. gr. b sem var upphaflega í ósamræmi við tilskipunina. Orðalag hinnar fyrirhuguðu breytingar þess efnis að notkun sé ekki tekin til greina „stafi hún eingöngu“ af vitneskju var ekki rétt. Um er að ræða þýðingu á „occur only after“ í 3. tl. 19. gr. tilskipunarinnar. Orðalag tilskipunarinnar vísar eingöngu til tímasetningar en ekki til ástæðu notkunarinnar. Þetta tvennt er ólíkt. Óbreytt orðalag hefði getað valdið óþarfa deilum og kostnaði. Ákvæðinu var breytt.

Fleiri atriði má nefna eins og t.d. þýðingu á 13. gr. tilskipunarinnar, nánar tiltekið „agent or representative of a person who is the proprietor of that trade mark ...“. Ákvæðinu var breytt sbr. 26. gr. b sem breytir 36. gr. laganna.

Lögð var til breyting á 8. gr. laganna í 6. gr. frumvarpsins. Ef upphafleg tillaga hefði staðið óbreytt hefði það skapað vandamál í framkvæmd. Orðalagið náði yfir réttaráhrif skráninga almennt og hefði mátt skilja svo að mat hafi átt að fara fram í hvert skipti sem ný umsókn er lögð inn á því hvort eldri merki, sem hugsanlega mynda ruglingshættu, hafi notið sérkennis við skráningu hins yngra merkis. Slíkt orðalag hefði víkkað út réttaráhrif greinarinnar og valdið óþarfa deilum og réttaróvissu.

Til viðbótar var þess getið að ekki væri rétt að lögleiða 8. gr. tilskipunarinnar á þennan hátt í 8. gr. vörumerkjaganna. Um er að ræða efnisatriði sem á heima í III. kafla laganna um afnám skráningar en ekki sem viðbót við núgildandi 8. gr. Ákvæðinu var breytt þannig að 23. gr. frumvarpsins felur nú í sér nýja 28. gr. b.

Umfjöllun undir lið 5 í frumvarpinu er ekki í samræmi við staðreyndir. Rangar þýðingar eða misskilningur varðandi efni tilskipunarinnar geta ekki talist „misritanir“. Leggja hefði þurft meiri vinnu í gerð frumvarpsins.

Í leiðbeiningum um ritun umsagna á vef Alþingis er mælt með því að athugasemdir við framsetningu efnis í greinargerð komi fram í almennri umfjöllun um frumvarpið. Af okkar hálfu voru gerðar athugasemdir við ummæli í greinargerð við 10. gr. frumvarpsins.

Í greinargerð með 10. gr. frumvarpsins voru athugasemdir sem nánast voru teknar beint upp úr röksemdum Einkaleyfastofunnar (nú Hugverkastofunnar) fyrir tiltekinni niðurstöðu í máli (nr. 2/2013) sem stofnunin úrskurðaði í. Þar reyndi á túlkun lagareglu vegna kröfu sem lögð var fram hjá stofnuninni um ógildingu á skráningu tiltekins vörumerkis. Kröfunni var hafnað af Einkaleyfastofunni. Málinu var áfrýjað til áfrýjunarnefndar sem tók undir niðurstöðu stjórnvaldsins. Niðurstaðan var borin undir héraðsdóm og að lokum Hæstarétt sem tók kröfuna til greina og hafnaði niðurstöðu og rökstuðningi stjórnvalda. Ummæli framkvæmdarvaldsins í greinargerð við 10. gr. frumvarpsins bentu til þess að framkvæmdarvaldið sætti sig ekki við túlkunarvald dómstóla.

Hluti rökstuðnings stofnunarinnar í máli nr. 2/2013 er svohljóðandi, sjá https://gamli.els.is/sites/els.is/files/atoms/files/2013-2-sushisamba_0.pdf

Eins og fram kom í málflytningu aðila hefur Evrópudómstóllinn í nýlegum dómum fjallað um túlkun á vöndri trú í skilningi greinar 4.4. g tilskipunarinnar, sbr. dóma í málum nr. C-529/07 frá 7. febrúar 2002 og C-320/12 frá 27. júní 2013. Í þeim kemur fram að gert sé ráð fyrir því að fram fari heildarmat á atvikum hverju sinni eins og þau voru á þeim tíma sem umsókn um skráningu merkisins var lögð inn. Ennfremur segir að það að umsækjandi hafi vitað eða hafi mátt vita um hið erlenda merki fullnægi þó eitt og sér ekki skilyrði ákvæðisins um að hann hafi sótt um skráningu merkisins í vöndri trú, heldur þurfi að skoða hver ætlun umsækjanda hafi verið með skráningu þess, t.d. sú að hindra aðkomu annars aðila með einhverjum hætti að viðkomandi markaði. Ætlun umsækjanda er því huglægur þáttur sem meta þarf út frá atvikum öllum, þ.á m. hlutlægum staðreyndum hvers máls, sbr. til dæmis 36. mgr. í máli nr. C-320/12.

Í athugasemdum við 10. gr. í fyrstu greinargerð frumvarpsins var nánast sama orðalag og í ofangreindum rökstuðningi stofnunarinnar.

Í 3. tölul. greinarinnar er notast við orðalagið *vönd trú* í stað orðalagsins *vissi eða hefði mátt vita* þegar um er að ræða ruglingshættu við erlent óskráð vörumerki. Breytingin miðar að því að hugtakanotkun verði í betra samræmi við tilskipunina og norrænan rétt. Bent er á í þessu samhengi að Evrópudómstóllinn hefur fjallað um mat á vöndri trú í máli nr. C-529/07 (*Chocoladefabriken Lindt & Sprüngli AG*) og máli nr. C-320/12 (*Malaysia Dairy Industries Pte. Ltd.*). Í dómunum kemur m.a. fram að heildarmat á atvikum þurfi að fara fram í hverju tilviki fyrir sig eins og þau voru á þeim tíma sem umsókn um skráningu merkisins var lögð inn. Enn fremur segir að ef umsækjandi hafi vitað eða mátt vita um hið erlenda merki þá fullnægi það eitt og sér ekki skilyrði ákvæðisins um að hann hafi sótt um skráningu merkisins í vöndri trú, heldur þurfi að skoða hver tilætlun umsækjandans hafi verið með skráningu þess, t.d. sú að hindra aðkomu annars aðila með einhverjum hætti að viðkomandi markaði. Ætlun umsækjanda er því huglægur þáttur sem meta þarf út frá atvikum öllum, þ.á.m. hlutlægum staðreyndum hvers máls. Með breytingunni eru gerðar strangari kröfur en áður enda er um að ræða undantekningu frá meginreglunni um að vörumerkjaréttur sé landsbundinn. Að öðru leyti er ekki um breytingu á túlkun ákvæðisins að ræða.

Hluti af rökstuðningi Hæstaréttar í máli nr. 97/2016 er svohljóðandi:

Á grundvelli heildarmats á atvikum málsins, sem hafa þýðingu við úrlausn þess, hefur aðaláfrýjandi sannað með óyggjandi hætti að gagnáfrýjandi hafi vitað eða mátt vita um tilvist vörumerkis aðaláfrýjanda þegar hann fékk merki sitt skráð og verið í vöndri trú í merkingu 9. töluliðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 45/1997, sbr. 2. gr. laga nr. 44/2012. Við það mat getur hér ekki skipt máli þótt tilgangur gagnáfrýjanda með skráningu merkisins hafi ekki eingöngu verið að hindra aðgang aðaláfrýjanda að markaðnum eða hagnast fjárhagslega á því, þar sem í skráningunni fólst í raun hindrun fyrir aðaláfrýjanda á því að opna veitingastað hér á landi undir eigin vörumerki. Verður hér einnig að líta til þeirrar viðtæku lagalegu verndar sem aðaláfrýjandi hafði aflað vörumerki sínu eins og áður er rakið. Samkvæmt þessu verður tekin til greina krafa aðaláfrýjanda um ógildingu úrskurðar áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar 10. september 2014 og krafa hans um að felld verði úr gildi skráning vörumerkisins sushisamba, svo og viðurkenningarkrafa hans eins og nánar greinir í dómsorði.

Einkenni íslenskrar stjórnskipunar er greining ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Ofangreindum



athugasemdum er ekki ætlað að kasta rýrð á vinnuframlag þeirra sem hafa unnið að gerð frumvarpsins. Gagnrýni beinist frekar að því að frumvarpið hafi verið unnið of hratt og einungis af framkvæmdarvaldinu. Ekki síst af þeim sökum teljum við ekki rétt að gera minna úr ofangreindum ábendingum en efni standa til. Eins og fram kemur hér að framan og nánar í athugasemdum við 10. gr. hér á eftir hafa þær athugasemdir haft áhrif á orðalag greinargerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um 3. gr. frumvarpsins

Skv. frumvarpinu er 3. gr. byggð á 3. gr. tilskipunarinnar. Orðalagið *þar á meðal mannanöfn* er innan sviga og það er ekki í samræmi við ákvæði Evróputilskipunar nr. 2015/2436 eða ákvæði dönsku laganna, nr. 88/2019, sem tóku gildi 1. janúar 2019. Óvenjulegt er að hafa lagatexta innan sviga og að auki er þýðingin á tilskipuninni ekki nákvæm. Orðalag greinarinnar mætti endurskoða með tilliti til nákvæmni. 3. gr. tilskipunarinnar er þannig:

A trade mark may consist of any signs, in particular words, including personal names, or designs, letters, numerals, colours, the shape of goods or of the packaging of goods, or sounds, provided that such signs are capable of . . .

Í dönsku vörumerkjalögnum er „in particular“ þýtt sem „navnlig“. Á íslensku væri rétt að nota orðið „einkum“ en í frumvarpinu er skammstöfunin „m.a.“ (meðal annars) notuð.

Um 9. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu segir „Við ritun frumvarpsins voru vörumerkjalög annarra Norðurlanda höfð til hliðsjónar.“ Í 9. gr. er lagt til að ákvæði 13. gr. laganna verði breytt. Í greinargerð er nefnt að breytingin auki skýrleika. Það gæti þó horft til skýrleika ef 13. gr. nógildandi laga yrði breytt með hliðsjón af dönsku vörumerkjalögnum. Höfnunarástæður umsókna um vörumerki eru í þremur greinum í dönsku lögnum og hið sama á við um þau norsku þó uppsetningin sé ekki eins.

Um 10. gr. frumvarpsins

Vísað er í athugasemdir við 9. gr. um skýrleika.

Í 10. gr. laganna og í umfjöllun í greinargerð er vísað í 6. gr. a Parísarsamþykktarinnar en væntanlega á að vísa í 6. gr. ^{bis}.

Í 3. tl. 10. gr. frumvarpsins er nógildandi 9. tl. 14. gr. gerður að 3. tl. 14. gr. og breytt þannig að í stað þess að gert sé að skilyrði að „umsækjandi vissi eða hefði mátt vita“ er lagt til orðalagið „og umsækjandi var í vondri trú við skráningu og notkun merkisins“. Augljóst er að ekki er um efnislega breytingu á lagareglunni að ræða heldur umorðun á þýðingu á c lið 4. tl. 5. gr. tilskipunarinnar um að heimilt sé fyrir aðildarlöndin að koma í veg fyrir skráningu á vörumerki ef:

the trade mark is liable to be confused with an earlier trade mark protected abroad, provided that, at the date of the application, the applicant was acting in bad faith.

Þegar reglan var leidd í lög árið 2012, sbr. lög nr. 44/2012, var það gert til samræmis við

Þágildandi vörumerkjatilskipun. Orðalagi varðandi vonda trú var ekki breytt í tilskipuninni frá 2015 þannig að það eigi að hafa áhrif. Yfirlýstur tilgangur með frumvarpi til breytinga á vörumerkjalögunum skv. frumvarpinu er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2015/2436 frá 16. desember 2015. Í greinargerð er nefnt að um þetta hafi m.a. verið fjallað í tveimur dómum Evrópudómstólsins þ.e. C-529/07 og C-320/12 og að þar komi fram að það fullnægi ekki skilyrðum „ef umsækjandi hafi vitað eða mátt vita um hið erlenda merki“ . . . „heldur þurfi að skoða hver tilætlun umsækjandans hafi verið með skráningu þess“. Evrópudómar og þetta tiltekna atriði þ.e. „tilætlun umsækjandans“ kom til umfjöllunar hjá Hæstarétti Íslands eftir að dómarnir voru kveðnir upp (Hrd. 97/2016). Í samráðsgátt voru gerðar athugasemdir um að Hæstiréttur hafi þegar metið þetta atriði. Í núverandi greinargerð hefur dómur Hæstaréttar því verið tilgreindur. Orðrétt segir í þeim dómi:

Ákvæði 9. töluliðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 45/1997 er undantekning frá meginreglunni um að vörumerkjaréttur sé landsbundinn. Ber því að skýra ákvæðið þröngt og hvílir sönnunarbyrði um að umsækjandi hafi vitað eða hefði mátt vita um erlenda merkið eða verið í vondri trú . . .

Hæstiréttur hefur þegar staðfest að í orðalaginu „hafi vitað eða hefði mátt vita“ felist krafa um að sanna beri „vonda trú“ í skilningi vörumerkjatilskipunarinnar. Sú orðalagsbreyting sem er lögð til í frumvarpinu breytir því engu um efni lagagreinarinnar skv. fyrirliggjandi túlkun Hæstaréttar og tilgreindum dómum Evrópudómstólsins. Afar strangar kröfur voru gerðar til sönnunar í ofangreindu máli.

Í fyrstu greinargerð með lögunum var mótsagnarkennt orðalag sem ekki samrýmist túlkun Hæstaréttar eða Evrópudómstólsins:

Með breytingunni eru gerðar strangari kröfur en áður enda er um að ræða undantekningu frá meginreglunni um að vörumerkjaréttur sé landsbundinn. Að öðru leyti er ekki um breytingu á túlkun ákvæðisins að ræða.

Ofangreint orðalag greinargerðar var villandi enda hefur því nú verið breytt eftir ábendingu og er nú svohljóðandi:

Með ákvæðinu eru áfram gerðar strangar kröfur svo nægilega sé sýnt fram á huglæga afstöðu umsækjanda gagnvart erlendu merki enda er um að ræða undantekningu frá meginreglunni um að vörumerkjaréttur sé landsbundinn.

Orðalagsbreytingin sem lögð er til í ákvæðinu miðar að því að „hugtakanotkun verði í betra samræmi við tilskipunina og norrænan rétt“ án efnisbreytingar.

Um 21. gr. frumvarpsins

Í fyrri athugasemdum okkar var lagt til að 2. mgr. 21. gr. verði felld niður. Lagagreinin eykur útgjöld Hugverkastofunnar þrátt fyrir að sérstaklega sé tekið fram í ákvæðinu að ábyrgð stofnunarinnar sé engin. Ef ákvæðið verður ekki felld niður þarf að skýra hvort Hugverkastofan hyggst senda umboðsmönnum slíka tilkynningu þegar þeir eru til staðar eða hvort Hugverkastofan hyggst senda eigendum skráninga tilkynningu beint þrátt fyrir að umboðsmenn séu til staðar. Hugsanlega fer Hugverkastofan inn á starfssvið ráðgjafa og umboðsmanna með þessari fyrirhuguðu tilkynningu.

Þar sem skammur tími var veittur til umsagnar eru athugasemdir takmarkaðar við ofangreint á þessu stigi.



Undirrituð eru tilbúin til að gefa frekari skýringar sé þess óskað.

Reykjavík, 17. apríl 2020

Valborg Kjartansdóttir, hdl.
valborg@sigthor.com

Magnús Haukur Magnússon, hrl.
magnus@sigthor.com

Magnús Hrafn Magnússon, hrl.
mhm@sigthor.com

Sent á nefndasvid@althingi.is